

23/2017

**Fyrri skjalsnúmer** A 1725/tillväxt

**Afgreiðsla** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Fylgiskjal** Nefndarálit um þingmannatillögu um stafræna væðingu á Norðurlöndum (A 1725/tillväxt)

### Stafræn væðing á Norðurlöndum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 1. nóvember 2017 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að vinna að því að Norðurlönd verði leiðandi á heimsvísu á sviði 5G farsímanets með góðu dreifikerfi á Norðurlöndum (a);*

*að þróa sameiginleg markmið um uppbyggingu innviða fyrir gagnaflutninga (b);*

*að tryggja að Norðurlöndin vinni saman að því að æ hraðari stafræn tæknivæðing samfélagsins taki mið af samfélagsörygginu (c);*

*að tryggja að Norðurlöndin taki höndum saman um að tryggja friðhelgi norrænna einstaklinga á tímum æ hraðari stafrænnar tæknivæðingar í samfélaginu, samsíða því að notendavæni verði í öndvegi (d);*

*að þróa samstarf netþjónustufyrirtækja og símafyrirtækja sem rekin eru af hinu opinbera og einkaaðilum, bæði landsbundin fyrirtæki og þau sem starfa yfir landamæri, til að tryggja öllum aðgang að Interneti óháð búsetu (e);*

*að eiga samstarf um að fjármagna skjóta uppbyggingu gagnaflutninga í strjálbýli á Norðurlöndum (f);*

*að vinna að því að velferðartækni sem byggir á 5G farsímaneti fylgi sama staðli á öllum Norðurlöndunum (g);*

*að Norrænu velferðarmiðstöðinni verði falið að fylgjast með framgangi*



verksins við þróun norræns staðals á sviði velferðartækni sem byggi á 5G farsímaneti (h);

að fela Norræna rannsóknaráðinu að eiga frumkvæði að föstu samstarfi um stafvæðingu á sviði æðri menntunar og rannsókna. Verkefnið felst meðal annars í því að skapa funda- og samskiptavettvang fyrir æðri menntastofnanir og EdTech-iðnaðinn sem er í vexti á Norðurlöndum (i);

að gera úttekt á árangri af því starfi að stafvæðingu á sviði æðri menntunar og rannsókna sem fram fór á formennskuári Finnlands 2016 (j).

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2017

*Britt Lundberg*

Forseti Norðurlandaráðs

*Britt Bohlin*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs